

Stöndum vörð um skólastarf

Sameiginleg viljayfirlýsing um leiðarljós í skólastarfi á tímum COVID-19

Nýtt skólaár er gengið í garð og ljóst að áhrifa COVID-19 heimsfaraldursins mun gæta áfram. Á síðasta skólaári var gripið til markvissra aðgerða svo starfið raskaðist sem allra minnst. Samstaða skólafólks og lausnamiðuð viðhorf einkenndu þær aðgerðir og skiluðu þær góðum árangri, sem er hvatning inn í nýtt skólaár. Saman munum við gera allt hvað við getum til að tryggja áfram skólastarf þar sem menntun, vellíðan og öryggi nemenda og starfsfólks er í forgangi. **Umhyggja, sveigjanleiki og þrautseigja** verða leiðarljós þeirrar samvinnu.

Við erum sammála um mikilvægi þess að skólastarf fari fram með eins hefðbundnum hætti og frekast er unnt. Undirrituð munu í sameiningu vinna að því að tryggja áfram rétt allra nemenda til náms og að ávallt sé hugað að öryggi og velferð nemenda, kennara og starfsfólks.

Við búum að dýrmætri reynslu frá liðnu vori og höfum einsett okkur að bregðast hratt við þróun mála, nýjum upplýsingum og aðstæðum hverju sinni. Við ætlum að hugsa í lausnum og tryggja að nemendur hafi viðeigandi aðstöðu og stuðning til að stunda nám sitt og að starfsskilyrði í skólum séu eins og best verður á kosið hverju sinni. Mikilvægt er að allir nemendur njóti menntunar óháð félags- og menningarlegum bakgrunni og er sérstaklega brýnt að hugað sé að nemendum í viðkvæmri námsstöðu, nýjum nemendum og framkvæmd kennslu í list- og verkgreinum.

Við undirrituð hvetjum samfélagið allt til að leggjast á sveif með skólum landsins og standa vörð um skólastarf. Menntun er ein af grunnstöðum samfélagsins og eitt brýnasta velferðarmál okkar til framtíðar.




Lilja D. Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Aldís Hafsteinsdóttir
formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga



Ragnar Þór Pétursson
formaður Kennarasambands Íslands



Fanney Dórothe Halldórsdóttir
formaður Grunns – félags fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS



GRUNNUR



Samband íslenskra
sveitarfélaga